

DREKASKÁTAMÓT 2022

ANNAÐ UPPLÝSINGABRÉF



Skráning er nú opin á landsmót Drekaskáta sem fer fram á Úlfljótsvatni daganna 10.-12. júní 2022 og geta drekaskátar skráð þátttöku sína á skraning.skatarnir.is. Skráning lokar 15. maí 2022.

Þegar skátarnir velja skráninguna á Drekaskátamót eru þau færð á síðu þar sem öll skátafélögin eru listuð upp, þar eiga þau að haka við sitt skátafélag. Með því eru þau sjálfvirkt færð í flokk síns skátafélags og **mótstjórn ásamt fararstjórum skátafélaganna munu þannig hafa yfirlit yfir félagaskipta skráningu í rauntíma** frá því að skráning opnar fram að mótinu. Því er mikilvægt að skátafélögin miðli því vel áfram til sinna skáta og forráðafólks hvernig skráning fer fram.

Mótstjórn óskar eftir því að skátafélögin tilnefni fararstjóra á landsmót Drekaskáta, þessi aðili verður tengiliður skátafélagsins vegna mótsins, mun fá öll upplýsingabréf héðan af um mótið, verður gefið Sportabler aðgangur að skráningu síns skátafélags á mótinu. Við óskum eftir að skátafélögin tilnefni aðilann beint við Sigurgeir sem er stuðningsaðili Skátamiðstöðvarinnar við mótið, hægt er að senda honum upplýsingarnar í tölvupósti á sigurgeir@skatarnir.is, hringja í hann með upplýsingarnar í síma 550-9801 eða 867-0604, senda honum einkaskilaboð í gegnum Sportabler eða samfélagsmiðla, með bréfdúfu, í morskóða eða með hverjum öðrum hætti sem hentar skátafélaginu best.

Við minnum á að upplýsingar má ávallt finna á viðburðarsíðu mótsins á heimasíðu skátanna og áfram má senda allar spurningar á drekaskatamot@skatarnir.is.

